

72. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,  
haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 27. september, 2013. kl.12:10

**Fundinn sátu:**

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Eygló Kristjánsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Valgarður Reynisson, Þórhildur Hrafnisdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir.

Jóhannes Sveinbjörnsson var forfallaður og varamaður hans forfallaðist einnig.

**Dagskrá skv fundarboði:**

1. Nemendur og aðsókn - tölfræði
2. Starfsmannamál
3. Niðurstöður úttektar Mmrn. á starfsemi ML
4. Húsnæðismál skólans
5. Námsframboð skólans - umræða/vangaveltur
6. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár - staðan
7. Afmælisárið
8. Önnur mál

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár:

**1. Nemendur og aðsókn - tölfræði (fskj. 1)**

PMS dreifði upplýsingum um nemendur og fylgdi úr hlaði. Þarna er um að ræða upplýsingar um þróun nemendafjölda, skiptingu eftir landshlutum og kynjaskiptingu. Til kynningar.

**2. Starfsmannamál**

Skólameistari greindi frá breytingum í starfsmannahaldi milli skólaára. Hann dreifði lista yfir starfsmenn skólaárið 2013-14 (fskj. 2). Til kynningar.

**3. Niðurstöður úttektar Mmrn. á starfsemi ML**

Skólameistari hafði framsögu undir þessum lið. Hann dreifði samantektinni, niðurstöðum höfunda og tillögum þeirra til úrbóta (fskj. 3) Hann dreifði einnig hugleiðingum sínum um tillögur að aðgerðum til úrbóta (fskj. 4) Skýrslan um úttekina, í heild sinni, hefur verið send öllum fltr. í nefndinni. Hún hefur einnig verið send öllum starfsmönnum og stjórn nemendafélagsins. Skýrslan var síðan rædd og þar beindist athyglin ekki síst að innleiðingu nýrrar námskrár og möguleika skólans innan hennar.

*Sigurður Ingi Jóhannsson kom til fundar undir þessum lið.*

Skólameistara var falið að ræða þetta málefni innan starfsmannahópsins áður en lengra er haldið.

**4. Húsnæðismál skólans**

Skólameistari hafði framsögu og greindi m.a. frá þeirri stöðu sem uppi er í íbúðamálum kennara eftir að hús Héraðsskólans var leigt út.

Þá greindi hann frá því að innan skamms verður húsnæði á vegum skólans flutt undir Fasteignir ríkisins. Hann fór yfir helstu breytingar sem það mun hafa í för með sér. Þá fjallaði hann um ýmislegt fleira sem tengist húsnæði á vegum skólans að öðru leyti.

Framundan er að fara í þarfagreiningu á húsnæðisþörf skólans meðal nemenda og starfsmanna.

## **5. Námsframboð skólans - umræða/vangaveltur**

Þessi liður var ræddur undir lið 3. og einnig undir öðrum liðum, og viðruðu fundarmenn skoðanir sínar og hugmyndir í tengslum við hvert skólinn ætti helst að stefna.

## **6. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár - staða**

Þessi liður var ræddur undir lið 3.

## **7. Afmælisárið**

Skólameistari kynnti lítillega viðburði sem tengjast afmælisárinu.

## **8. Önnur mál**

**Strætó.** Eygló ræddi óhentuga tímasetningu ferða austur í sýslur. Þessu hefur verið komið á framfæri við fyrirtækið án þess breytingar hafi orðið. Skólameistari mun fylgja málinu eftir enn frekar.

Fundi slitið kl. 14.25

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason.